

Nefndasvið Alþingis
B.t. fjárlaganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 9. maí 2022

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027, 513. mál

Fjárlaganefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027, 513. mál.

Samantekt yfir helstu athugasemdir SI:

- Litið til næstu ára er mikilvægt að tryggja sjálfbærni í ríkisrekstrinum. Leið vaxtar – að veita atvinnulífinu svigrúm til að skapa aukin verðmæti og ný og eftirsótt störf – er farsælasta leiðin. Slíta þarf fjötrana og sækja þarf tækifærin. Leið skattlagningar mun hefta vöxt atvinnulífs. Gæta þarf að aðhaldi í ríkisrekstrinum. Með ábyrgð í rekstri skapar ríkisvaldið atvinnulífinu svigrúm til vaxtar.
- Áherslan á að tryggja sjálfbærni í ríkisrekstrinum með því að fara leið vaxtar merkir að við þurfum hagvöxt. Spá sem liggur til grundvallar fjármálaáætluninni vekur áhyggjur í þeim efnum. Spáð er 2,3% hagvexti að jafnaði á ári á fimm ára tímabili áætlunarinnar og að atvinnuleysið festist í tæplega 4%. Við þurfum og eigum að geta gert betur.
- SI fagna því að áframhaldandi áhersla sé lögð á eflingu nýsköpunar með öflugri umgjörð og skattahvötum. Hefur þetta nú þegar skilað sér í vexti útflutnings á sviði hugverkaiðnaðar og bendir allt til að sá vöxtur haldi áfram, ef rétt er haldið á málum. Fjárfesting í nýsköpun mun skila sér í fjölgun starfa, auknum fjárfestingum og fjölbreyttara hagkerfi. SI leggja ríka áherslu á stöðugleika í stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun og að haldið verði áfram á sömu braut og undanfarin tvö ár.
- Það er mat SI að mikilvægt sé að lækka tryggingagjaldið nú þegar verkefni hagstjórnar er að efla samkeppnishæfni atvinnulífsins og auka framtíðarhagvöxt.
- SI telja mikilvægt að fyrirkomulag fasteignaskatta sé endurskoðað með það að markmiði að minnka álögur á fyrirtæki og auka stöðugleika við innheimtu gjaldanna.
- SI fagna þeirri áherslu sem birtist í fjármálaáætluninni að einfalda regluverk og verkferla í þágu atvinnulífs. Samtökin leggja á það áherslu að áfram sé rík áhersla á umbætur í íslensku regluverki til einföldunar auk þess sem tryggt sé að allir á markaði fari eftir þeim reglum.
- SI fagna þeirri áherslu sem lögð er á sjálfbær opinber innkaup ríkisins í fjármálaáætluninni. SI telja mikilvægt að ríkið leyti leiða til að innleiða jákvæða hvata fyrir fyrirtæki til að fjárfesta í grænum lausnum, hvort heldur í búnaði, ferlum eða öðru.
- SI gagnrýna að stefnt er að samdrætti í framlagi til orkuskipta og kalla eftir fjármögnuðum vegvísi um orkuskipti.

- SI telja mikilvægt að tryggja fjármögnun í innviðum orkukerfis, frá orkuöflun til afhendingar, til að tryggja markmið áætlunarinnar um áherslur í orku- og umhverfismálum sem og orkuskiptum.
- SI telja mikilvægt að tryggt verði að Loftslagssjóður verði fjármagnaður í samræmi við gjöld sem fyrirtæki eru að greiða fyrir losunarheimildir og að gjöldin skili sér til umbótaverkefna atvinnulífsins innan kerfisins, sér í lagi til nýsköpunar og grænna fjárfestinga.
- SI telja mikilvægt að gagnsæi ríki um það hvernig innheimt umhverfisgjöld eru raunverulega nýtt til grænna verkefna og nýsköpunar.
- SI lýsa áhyggjum af því sem fram kemur í fjármálaáætluninni þar sem gert er ráð fyrir að dregið sé úr beinum framlögum ríkisins til framkvæmda og viðhalds á næstu árum. Þessum niðurskurði vilja Samtök iðnaðarins mótmæla.
- SI lýsa áhyggjum af því að dregið sé úr beinum framlögum ríkisins til framkvæmda og viðhalds efnislegra innviða á næstu árum. Þessum niðurskurði vilja Samtök iðnaðarins mótmæla. Ef farið verður í niðurskurð á þessu sviði mun ástand innviða versna og stoðir hagvaxtar veikjast.
- SI lýsa áhyggjum af því að fjárframlög til viðhalds vegakerfisins mæti ekki þörf á næstu árum. Þrátt fyrir að auknum fjármunum hafi verið varið til viðhalds á síðustu árum hefur ástand vegakerfisins ekki batnað og útlit er fyrir að svo verði heldur ekki á næstu árum. Er þetta mikið áhyggjuefni að mati SI.
- SI telja nauðsynlegt að tryggja frekari fjármögnun til rannsókna í byggingar- og mannvirkjagerði í gegnum ASK mannvirkjarannsóknarsjóð sem nú hefur verið stofnaður. Um 100 milljónir hafa verið tryggðar til úthlutunar 2022 og 50 milljónir á næsta ári. Þær fjárhæðir teljast mjög lágar ef litið er til umfangs mannvirkjageirans.
- SI fagna þeirri stefnu stjórnvalda að mótuð verði ný húsnæðisstefna fyrir Ísland. Nauðsynlegt er að ráðast í aðgerðir til að ná fram stöðugri húsnæðisuppbyggingu sem mætir þörfum hverju sinni. Núverandi framboðsskortur íbúða undirstrikar mikilvægi þess að mótuð verði ný húsnæðisstefna með aðkomu sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins og ríkissjóðs.
- Samtökin hvetja stjórnvöld til að halda 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingarstað áfram til að stuðla að aukinni húsnæðisuppbyggingu. Ljóst er að endurgreiðslan hefur jákvæð áhrifa á uppbyggingu og virkar sem hvati á byggingaaðila til að ráðast í uppbyggingu á meðan að á endurgreiðslunni varir.
- SI telja mikilvægt að fjármunum verði raunverulega forgangsraðað til starfs- og tæknináms og bendir á að það er dýrara nám en hefðbundið bóknám en fullkomlega í takt við þarfir atvinnulífsins.
- SI telja mikilvægt að hækka talsvert framlög í vinnustaðanámssjóð til að unnt verði að fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi.
- SI telja mikilvægt að endurskoða reglur um fjárveitingu til háskóla með það í huga að fjárhagslegir hvatar verði nýttir til að auka hlutfall brautskráðra í STEM fögum.
- SI telja mikilvægt að tryggt sé að framhaldsfræðslukerfið sé í stakk búið til að takast á við samfélagsþróun, m.a. vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði.

Efnahagsstefnan – slítum fjötrana og sækjum tækifærin

Góð skuldastaða ríkissjóðs fyrir niðursveifluna sem hófst árið 2019 gerði stjórnvöldum kleift að mæta djúpri niðursveiflu í efnahagslífinu með víðtækum aðgerðum á sviði ríkisfjármála. Aðgerðirnar hafa mildað efnahagsáfallið fyrir heimili og fyrirtæki í landinu og skapað grundvöll fyrir hagvöxt og fjölgun starfa litið til lengri tíma. Undirstrikar þetta mikilvægi þess að skuldastaða ríkissjóðs sé góð þannig að hægt sé að beita ríkisfjármálunum til að mæta áföllum í þjóðarbúskapnum.

Aðgerðunum fylgdi hins vegar að skuldir ríkissjóðs jukust hratt. Í fjármálaáætluninni er reiknað með því að skuldirnar munu halda áfram að vaxa á næstu árum. Með aukinni skuldsetningu og hækkandi vaxtastigi hækkar vaxtabyrði ríkissjóðs en vaxtagjöld eru einn stærsti útgjaldaliður ríkisfjármála.

Litið til næstu ára er mikilvægt að tryggja sjálfbærni í ríkisrekstrinum. Leið vaxtar – að veita atvinnulífinu svigrúm til að skapa aukin verðmæti og ný og eftirsótt störf – er farsælasta leiðin. Slíta þarf fjötrana og sækja þarf tækifærin. Gæta þarf að aðhaldi í ríkisrekstrinum. Verðbólgan er há um þessar mundir og mikilvægt verkefni hagstjórnar að skapa stöðugleika. Með ábyrgð í rekstri hins opinbera skapar ríkisvaldið atvinnulífinu svigrúm til vaxtar. Leið skattlagningar mun hefta vöxt atvinnulífs.

Verðmætasköpun sem byggir á öflugu, fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi er forsenda góðra lífshjara. Samkeppnishæfni íslensks iðnaðar ræðst að miklu leyti af þeirri umgjörð sem stjórnvöld skapa. Með umbótum í menntun, innviðum, nýsköpun, orku og umhverfismálum og öðru er varðar starfsumhverfi fyrirtækja í landinu eykst framleiðni sem leiðir til hagsældar.

Áherslan á að tryggja sjálfbærni í ríkisrekstrinum með því að fara leið vaxtar merkir að við þurfum hagvöxt. Hagkerfið tók við sér á öðrum ársfjórðungi síðastliðins árs og hefur vaxið nokkuð síðan. Mældist ágætur hagvöxtur á öðrum og þriðja ársfjórðungi í fyrra en heldur dró úr vextinum á fjórða fjórðungi. Þjóðhagsspá sú sem liggur til grundvallar fjármálaáætluninni vekur áhyggjur í þessum efnunum. Spáð er 2,3% hagvexti að jafnaði á ári á fimm ára tímabili áætlunarinnar og að atvinnuleysið festist í tæplega 4%. Við þurfum og eigum að geta gert betur en það.

Í þessu sambandi er áhugaverð sviðsmynd sett fram í kafla 2.4.2 í fjármálaáætluninni en hún sýnir hversu mikil áhrif eru af meiri framleiðnivexti og auknum tækni- og hugvitstengdum útflutningi. Niðurstaða þeirrar greiningar er að aukinn vöxtur í þessum þáttum skilar mun betri afkomu hins opinbera eða sem nemur 45 mö.kr. á ári að jafnaði á tíma fjármálaáætlunarinnar. Gerir þessi aukni vöxtur það að verkum að afkoma hins opinbera verður orðin jákvæð í lok tímabils áætlunarinnar og skuldir ríkissjóðs lækkandi. Bætt staða skilar sér til heimila landsins en samkvæmt greiningunni skilar aukinn vöxtur tækni og hugverkaiðnaðar ásamt auknum framleiðnivexti því að kaupmáttur ráðstöfunartekna verður 5% meiri en í grunnspánni í lok áætlunarinnar og einkaneyslan 4% meiri eða sem nemur 100 mö.kr.

Sýnir sviðsmyndin hversu miklu máli skiptir að byggja undir stoðir framleiðni og hugverkaiðnaðar í hagkerfinu. Í því ljósi er afar jákvætt að sjá vöxt hugverkaiðnaðar um þessar mundir. Sú grein er orðin ein af fjórum meginstoðum gjalddeyrstekna þjóðarbúsins og hefur hún sýnt að hún hefur alla burði til þess að verða stærsta og verðmætasta útflutningsgrein Íslands ef henni eru búin rétt skilyrði til þess. Það er undir atvinnulífi og stjórnvöldum komið hvernig þróunin verður. Ef rétt er haldið á málum haldið og hindrunum rutt úr vegi verður þessi sýn að veruleika.

Það sem fyrirtæki í hugverkaiðnaði eiga sameiginlegt er að þau byggja á rannsóknum, þróun og nýsköpun. Það er því mikilvægt að stjórnvöld skapi góðar aðstæður hér á landi fyrir slíkt. Á undanförunum árum hafa stjórnvöld stigið stór skref til að efla hvata og skilyrði til nýsköpunar, rannsókna og þróunar. Jákvætt er að sjá að núverandi ríkisstjórn ætlar að halda áfram á sömu braut og með stuðningi allra flokka á Alþingi.

Í nýlegri rannsókn á vegum Alþjóðabankans er bent á að þeir þættir sem helst ákvarða breytileika í framleiðni á milli landa eru efnislegir innviðir, menntun, nýsköpun, skilvirkni markaða ásamt stofnanainnviðum. Undirstrikar þetta mikilvægi þeirra málafna sem Samtök iðnaðarins leggja áherslu á; innviði, menntun, nýsköpun og starfsumhverfi. Þá hafa umhverfis- og loftslagsmál fengið aukið vægi og er fyrirsjáanlegt að aðgerðir á þeim vettvangi skipta máli fyrir samkeppnishæfni þjóða. Með réttum aðgerðum á þessum sviðum eflist framleiðni og samkeppnishæfni sem lyftir varanlega getu hagkerfisins til verðmætasköpunar, styður við bætt lífskjör í landinu og styrkir stoðir sjálfbærs ríkisrekstrar. Stjórnvöld hafa það í hendi sér að vinna að nauðsynlegum umbótum á þessum sviðum til að efla samkeppnishæfni Íslands og þar með lífskjör landsmanna.

Græn iðnbylting

SI hafa lagt ríka áherslu á umhverfis- og orkumál og til marks um það er árið í ár tileinkað grænni iðnbyltingu og þeim málaflokki. Þá hafa SI komið að samstarfi og vinnu við grænar lausnir og má sem dæmi nefna starfsemi Grænvangs, samstarf hins opinbera og atvinnulífs á vettvangi Byggjum grænni framtíð sem og útgáfu á Loftslagsvegvísi atvinnulífsins sem kynntur var á liðnu ári svo fáein dæmi séu nefnd.

SI hafa í gegnum tíðina, jafnt í umsögnum um fjárlög undanfarin ár og í Loftslagsvegvísi atvinnulífsins vakið athygli á að lausnir í umhverfismálum verða til hjá atvinnulífi en ekki stjórnvöldum. Hlutverk stjórnvalda er þannig að setja markmið og hvetja atvinnulíf til nýsköpunar og fjárfestinga sem þannig varða leiðina að tæknilausnum og umbreytingum í atvinnulífi með bættan árangur í umhverfismálum að leiðarljósi.

Í fyrirliggjandi fjármálaáætlun er vísað í áætlanir stjórnvalda á sviði orku- og umhverfismála sem falla vel að áherslum SI á því sviði. Má hér nefna tilvísun til stefnu stjórnvalda að efla opinberan stuðning og stuðla að samkeppnishæfu atvinnulífi með grænum lausnum og vísast í því samhengi m.a. til umfjöllunar á bls. 225 og orkuskipta í samgöngum á bls. 270, þ.m.t. einnig samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda á sjávarútvegi, sbr. bls. 288, og orkuskipti í ferðapjónustu, sbr. bls. 295. Þrátt fyrir að slíkar tilvísanir gefi góð fyrirheit um áherslur á þessu sviði skortir enn frekari útfærslu á því hvernig fyrirhugað er að ná fram slíkum markmiðum, s.s. er varðar vegvísi fyrir orkuskiptum með skýrum og fjármögnuðum vörðum á þeirri leið. Mikilvægt er að tryggja að stefnumörkun í t.a.m. vegvísi um orkuskipti falli að fjárheimildum á hverjum tíma, enda er fyrirsjáanleiki grundvöllur aðgerða, tækniþróunar og nýsköpunar í orkuskiptum sem og öðrum orkutengdum verkefnum.

Því næst vekja SI athygli á umfjöllun um orkumál í kafla 15 þar sem kveðið er m.a. á um helstu áherslur í þeim málaflokki, sbr. bls. 298, þ.e. orkuöryggi í forgangi og jafnt aðgengi, orkuöryggi fyrir alla landsmenn, orkuskipti og jöfnun orkukostnaðar á landsvísu. Styðja SI við þessi áherslumál en benda um leið á að áherslumál þessi grundvallast á að ráðist verði út í verulegar framkvæmdir í orkumálum, allt frá framleiðslu á raforku sem og fullnægjandi innviðauppbyggingu á mannvirkjum til flutnings og dreifingu á raforku.

Eins og staða þessara mála er í dag, og hefur m.a. endurspeglast í raforkuskorti í vetur, er ljóst að víða er misbrestur í núverandi kerfi sem mikilvægt er að vinna bug á sem fyrst. Vísast hér um leið til nýlegrar grænbókar um stöðu og áskoranir í raforkumálum þar sem m.a. er gerð grein fyrir orkuþörf til að standa fyrir umbótum í orkumálum sem og ná fram fullum orkuskiptum hér á landi, á landi, hafi og í lofti. Hafa verður í huga mikilvægi okkar þekkingar, reynslu og nýtingar á endurnýjanlegri orku sem framlag til loftslagsmála á alþjóðavísu og þar berum við sameiginlega en ólíka ábyrgð á alþjóðavettvangi að takast á við þær áskoranir. Hér landi er nýting endurnýjanlegra orkugjafa hryggjarstykki slíkra aðgerða.

Ítreka SI enn og aftur mikilvægi þess að aðgerðir í orku- og umhverfismálum, og til að tryggja eftirfylgni þeirra, grundvallist á tímasettum aðgerðum með mælanlegum markmiðum sem fjármagnaðar eru að fullu. Að öðrum kosti er hætt við að tölusettu markmiði nr. 2 á bls. 301 um aukið hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap Íslands verði ekki að fullu náð.

Hvað varðar umfjöllun um orkuskipti í kafla 15 kann það að vekja furðu að stefnt er að draga saman framlög til orkuskipta til að fjármagna önnur loftslagstengd verkefni. Að mati SI er mikilvægt að tryggja að til staðar séu fjárhagslegir hvatar hins opinbera til að ráðast út í það mikilvæga málefni sem orkuskipti eru og ljóst er að sú vegferð mun telja í árum og/eða áratugum umfram fyrirliggjandi áætlun. Því er grundvallaratriði fyrir árangri að ekki verði dregið úr stuðningi við orkuskipti líkt og lagt er upp með heldur verði að skoða leiðir til að auka við hvata samhliða því að fjármagna önnur mikilvæg verkefni á sviði orku- og umhverfismála.

Að gefnu tilefni og í samræmi við áherslur ríkisstjórnar um áherslur á sviði grænna verkefna og nýsköpunar, jafnt í fyrirliggjandi áætlun, fjárlögum og fjármálastefnu eða stjórnarsáttmála ríkisstjórnar, telja samtökin mikilvægt að taka til skoðunar starfsemi og fjármögnun Loftslagssjóðs en mikilvægt er að tryggja að sjóðurinn verði fjármagnaður í samræmi við þau gjöld sem fyrirtæki hér á landi eru að leggja inn í ETS kerfið. Verði sjóðnum ekki tryggt slíkt fjármagn, sem hann á réttilega inni, er ljóst að markmið hans munu ekki nást. Þá er þetta bara eins og hver önnur skattheimta, nema hún vinnur í raun gegn markmiðum um árangur í loftslagsmálum því álögurnar grafa undan samkeppnishæfni iðnaðar sem notar 100% endurnýjanlega orku. Ítreka SI að kostnaður innlendra málmframleiðenda af kaupum losunarheimilda nemur vel yfir milljarði. Voru tekjur íslenska ríkisins af ETS-kerfinu um 1,3 milljarðar árið 2020 og munu aukast samhliða hækkandi verði á heimildum. Benda SI á að innan ESB renna tekjurnar til verkefna sem ætlað er að draga úr losun, en tekjur íslenska ríkisins eru ekki eyrnamerktaðar slíkum verkefnum. Tryggja þarf að tekjur sem renna í ETS-kerfið verði nýttar í þróun og uppbyggingu á umhverfisvænum lausnum í málmframleiðslu í gegnum Loftslagssjóð. Í þessu samhengi benda SI á að á tímabilinu 2013-2019 runnu 78% af tekjum að sölu losunarheimilda innan ESB í verkefni á sviði umhverfis- og orkumála, sbr. upplýsingar úr skýrslu framkvæmdastjórnar ESB frá árinu 2020.

Benda SI á að þegar löggin um loftslagsmál voru sett árið 2012 var gert ráð fyrir að framlög í sjóðinn væru tengd tekjum ríkisins af uppboðum á losunarheimildum innan viðskiptakerfis ESB. Þessu ákvæði var breytt árið 2014 og tekjur sjóðsins eiga að vera ákvarðaðar með fjárveitingum í fjárlögum ár hvert. Samtökin telja að jafngildi tekna ríkisins af viðskiptakerfi ESB ættu að renna í loftslagssjóð, eins og tíðkast víðast hvar í Evrópu. Gera má ráð fyrir að þær tekjur ríkisins muni halda áfram að aukast, þar sem verð á losunarheimildum hefur hækkað verulega undanfarin ár.

Til viðbótar hefur ríkissjóður verulegar tekjur og kolefnisgjöldum svo dæmi séu tekin. SI hafa almennt ekki lagst gegn hækkun kolefnisgjalds á eldsneyti í almennum samgöngum á landi en benda á að hækkun kolefnisgjaldsins almennt kemur hins vegar illa við fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni. Hækkunin skerðir verulega samkeppnishæfni þeirra gagnvart keppinautum í nálægum löndum sem eftir atvikum þurfa ekki að standa undir sambærilegum gjöldum. Með álagningu kolefnisgjalda af ýmsum toga þá er, eins og áður segir, sú hættu til staðar að verið sé að hygla fyrirtækjum utan þeirra ríkja sem ekki greiða nein slík gjöld en eru að jafnaði með mun óhagstæðara kolefnisfótspor. Til marks um það má nefna að álframleiðsla í Kína er að uppistöðu til knúin með kolum og losar því tífalt meira en álframleiðsla hér á landi. Álframleiðsla í Kína ber hins vegar engin teljandi kolefnisgjöld og nýtur að auki verulegs ríkisstuðnings eins og raunar álframleiðsla víðast hvar í heiminum utan Íslands, samkvæmt skýrslu OECD frá liðnu ári. Eins og samtökin hafa áður bent á streymir ál frá Kína í vaxandi mæli til Evrópu og njóta kínverskir álframleiðendur þess að þurfa að ekki að bera kostnað af sinni losun og því telja samtökin mikilvægt að við álagningu gjalda, líkt og hér um ræðir, þá sé tekið til skoðunar áhrif þeirra á samkeppnisskilyrði hérlendra fyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum.

Samtökin telja mikilvægt að gagnsæi sé hvað varðar innheimt umhverfisgjöld og hvort og hvernig þeir fjármunir eru raunverulega nýttir til grænna verkefna og nýsköpunar. Að mati samtakanna er verulega úrbóta þörf til að bæta úr þeim ágalla til að skapa traust til þess að umrædd gjöld séu sannarlega nýtt í græn verkefni. Vísa samtökin hér máli sínu til stuðnings til ábendinga til ábendinga í skýrslu OECD frá árinu 2019 þar sem segir, á bls. 35, eftirfarandi: „*To address distributional concerns, to avoid an unwarranted increase in the tax burden and to overcome political economy obstacles, CO2-tax proceeds could partially or fully be reimbursed to businesses and citizens, as done in Switzerland*“. Úrbóta er þörf til að auka á skýrleika á milli innheimtra umhverfisgjalda og hvernig þeim er ráðstafað og skora samtökin á stjórnvöld að bæta þar úr og tryggj verði að innheimt gjöld, s.s. vegna sölur á ETS-heimildum eða gjaldtaka kolefnisgjalda, renni aftur til atvinnulífs í formi hvata eða styrkja á sviði umhverfis- og orkumála og þannig tryggi framgöngu þeirra mála á því sviði sem lagt er upp með í fyrirbyggjandi drögum að áætlun.

Að lokum hvetja SI stjórnvöld til að horfa til og nýta reynslu nágrannaríkja okkar er viðkemur styrkjum hins opinbera og framlaga til innleiðingar og nýsköpunar á sviði grænnar tækni og umhverfisvænna lausna. Má í því samhengi horfa til framkvæmdar í Noregi, nánar tiltekið Enova-sjóðsins sem starfræktur er af þarlendur stjórnvöldum með það að markmiði að koma á umhverfisvænum breytingum í norsku samfélagi. Mikilvægt er því, að mati samtakanna, að hugmyndir að útfærslu umhverfisskatta og ráðstöfun þeirra tekna verði betrubættar að teknu tilliti til framanritaðs.

Ítreka samtökin að loftslagsvandinn er hnattrænn í eðli sínu en ekki staðbundinn. Ef raunverulegur árangur á að nást þá þurfa allir að sitja við sama borð. Það gerir aðeins illt verra að hrekja gjaldskylda framleiðslu, m.a. vegna kolefnisgjalda sem lögð hafa verið á framleiðslu áls og raforku, frá t.a.m. Evrópu til Kína, Indlands eða Mið-Austurlanda þar sem losunin er margfalt meiri. Mikilvægt er að aðgerðir stjórnvalda taki mið af þessum raunveruleika og metnir verði kostir og gallar þess kerfis sem nú er við lýði.

Eins og fram kemur jafnt í umsögnum SI um bæði núverandi sem og fyrri fjárlög og fjármálstefnu, sem og rakið er einnig í Loftslagvegvísi atvinnulífsins, vekja samtökin athygli á að mörg fyrirtæki vinna nú hörðum höndum að því að draga úr losun og leita nýrra leiða til að ná þeim markmiðum með því að skoða og innleiða aðra orkugjafa. Vilja félagsmenn samtakanna vinna að jákvæðri þróun í þessum efnum.

Samtökin benda hins vegar á að þó tækniframþróun sé hröð í þessum efnum er það ekki svo að hægt sé að fá stærri ökutæki, vinnuvélar og sum iðnaðartæki þannig að þau nýti endurnýjanlega orkugjafa. Orkuskipti er því ekki raunhæfur kostur sem stendur á öllum sviðum, sér í lagi fyrir iðnað og atvinnutæki sem nota svokallaða litaða olíu, og möguleikar slíkra aðila til orkuskipta eru að óbreyttu hverfandi. Auknar álögur á atvinnulífið og hvatar sem fyrirtæki hafa ekki möguleika á að fylgja eftir eru í andstöðu við það markmið ríkisstjórnarinnar að auka samkeppnishæfni Íslands.

Því telja SI mikilvægt að svo markmið ríkisstjórnar í orku- og umhverfismálum, og endurspeglast m.a. í fyrirliggjandi drögum að fjármálaáætlun, nái fram að ganga þarf að eiga sér stað samtal og samvinna við atvinnulífið enda verða lausnir til hjá atvinnulífi. Til að skapa réttu hvatana til að auka framgang í rannsóknum og nýsköpun er mikilvægt að ríkið geri sér grein fyrir því hvaða vörður þarf að setja og að slíkar vörður séu fjármagnaðar til lengri tíma litið. Vísast hér m.a. til framkvæmdar í Danmörku þar sem stjórnvöld hafa falið atvinnulífi að leita leiða til lausna í áskorunum á sviði orku- og umhverfismála til að takast á við áskoranir í loftslagsmálum samhliða því að tryggja jafnt hagstætt rekstrar- og lagaumhverfi sem og fjármögnun þessara verkefna. Að mati SI er mikilvægt að hérland stjórnvöld nýti sér þá framkvæmd, og reynslu sem þar hefur byggst upp, og tileinki sér þá hugmyndafræði til að stuðla að jákvæðri umbreytingu í loftslagsmálum hér á landi.

Samkeppnishæfara starfsumhverfi – lækkun álagna og einföldun regluverks - leið til vaxtar

Framtíðarhorfur í opinberum fjármálum velta á hagvexti sem er á herðum atvinnulífsins að skapa. Starfsumhverfi fyrirtækja þarf að skilvirkt, hagkvæmt og stöðugt eigi það að efla samkeppnishæfni atvinnulífsins og vera rót aukinnar verðmætasköpunar og fjölgunar starfa.

Með því að létta álogum af fyrirtækjum má skapa störf og auka verðmæti. Léttar álögur á fyrirtæki efla samkeppnishæfni þeirra og efla íslensk fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni.

Lækkun tryggingagjalds

Tryggingagjald er stór kostnaðarliður fyrir íslenskan vinnumarkað. Gjaldið eykur kostnað fyrirtækja við hvern starfsmann á launaskrá og dregur með því úr svigrúmi til launahækkana, ráðninga, fjárfestinga og annarra umsvifa. Hátt tryggingagjald kemur verst niður á þeim fyrirtækjum þar sem launahlutfallið er hátt, þ.e. þar sem kostnaður einskorðast fyrst og fremst við laun og launatengd gjöld. Á þetta við um mörg iðnfyrirtæki líkt og verkfræðistofur, arkitektastofur og ýmis fyrirtæki í hugverkaiðnaði. Tryggingagjaldið veikir samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum og dregur úr getu fyrirtækja að ráða til sín starfsmenn og þar með tekjuginni tryggingagjaldsins.

Það er mat Samtaka iðnaðarins að mikilvægt sé að lækka tryggingagjaldið nú þegar verkefni hagstjórnar er að efla samkeppnishæfni atvinnulífsins og auka framtíðarhagvöxt. Laun eru há í sögulegu og alþjóðlegu ljósi. Hlutfall launa í landsframleiðslu er einnig hátt. Það er áskorun fyrir atvinnulífið að skapa hagvöxt við þessi skilyrði. Leiðin í átt að aukinni velsæld og sterkari ríkisfjármálum er vöxtur en ekki aukin skattlagning. Því er mjög mikilvægt, nú þegar efla þarf verðmætasköpun og fjölga störfum í einkageiranum, að tryggingagjaldið sé lækkað. Lækkun gjaldsins þarf ekki að þýða minni tekjur til ríkissjóðs aukist atvinnusköpun á móti.

Endurskoðun álagningu fasteignaskatta

Á undanförunum árum hafa fasteignaskattar orðið sífellt meira íþyngjandi fyrir atvinnurekendur á Íslandi. Það skýtur skökku við að skattar á atvinnuhúsnæði séu í hækkunartakti sem er mun hraðari en verðmætasköpun í hagkerfinu. Auk þess eru reglur um útreikninga fasteignaskatta afar óheppilegar. Álagning fasteignaskatta er beintengt við þróun fasteignamats sem aftur þróast í takt við húsnæðisverð. Fyrirkomulagið sem er við lýði veldur því ófyrirsjáanleika sem er afar óhentugt fyrir atvinnustarfsemi í landinu. Þessi háa skattlagning dregur úr samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og þar með getu fyrirtækja til að skapa störf og verðmæti. Samtökin telja mikilvægt að fyrirkomulag fasteignaskatta sé endurskoðað með það að markmiði að minnkar álögur á fyrirtæki og auka stöðugleika við innheimtu gjaldanna.

Einfalda þarf regluverk og auka skilvirkni eftirlits

Aðgerðir sem miða að því að auka skilvirkni, t.d. með því að gera regluverk einfalt og skýrt og eftirlitið skilvirkt, eru til þess fallnar að auka framleiðni. Samtökin fagna því þeirri áherslu sem birtist í áætluninni að einfalda regluverk og verkferla í þágu atvinnulífs. Á víðsjárverðum tímum þar sem óvissa í rekstri er mikil, ekki síst vegna óviðráðanlegra ytri atvika, er mikilvægt að starfsumhverfi fyrirtækja sé samkeppnishæft og dregið sé óþarflegum kostnaði m.a. vegna óskilvirkni innan stjórnsýslunnar eða flókens regluverks. Samtökin telja brýnt að áfram sé rík áhersla á umbætur í íslensku regluverki til einföldunar auk þess sem tryggt sé að allir á markaði fari eftir þeim reglum. Hér mætti jafnframt horfa í auknum mæli til aukinnar upplýsingagjafar stjórnvalda í formi leiðbeininga til að draga úr óvissu um framkvæmd stjórnvalda og eftirlit, m.a. á sviði skatta- og samkeppnismála.

Sjálfbær opinber innkaup

Í fjármálaáætlun er sérstök áhersla lögð á sjálfbær opinber innkaup ríkisins þar sem Ríkiskaup stuðla að þróunar- og nýsköpunarverkefnum opinberra aðila í samvinnu við fyrirtæki og frumkvöðla. Markmiðið er m.a. að auka framboð á vistvænum valkostum á markaði. SI fagna þeirri áherslu og telja mikilvægt að ríkið leyti leiða til að innleiða jákvæða hvata fyrir fyrirtæki til að fjárfesta í grænum lausnum, hvort heldur í búnaði, ferlum eða öðru. Til að tryggja skilvirkni og heilbrigða samkeppni á markaði leggja SI áherslu á að fyrirsjáanleiki sé tryggður, aðlögun sé hæfileg og undirbúningur slíkra breytinga sé góður. Með því móti er dregið úr mögulegum skaða á samkeppnismarkaði þar sem fyrirtæki þurfa hæfilegt rými til að grípa til aðgerða til að mæta breyttum kröfum opinberra aðila.

Nýsköpun – forsenda hagvaxtar

SI hafa lagt ríka áherslu á eflingu nýsköpunar undanfarin ár en rétt eins og fram kemur í fjármálaáætluninni er nýsköpun lykillinn að öfluggu og fjölbreyttu hagkerfi. Áherslum í fjárlögum og fjármálaáætlun á rannsóknir og nýsköpun er því fagnað.

Samtökin fagna sérstaklega þeim fyrirætlunum stjórnvalda að halda við hækkunum á endurgreiðslum vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar fyrirtækja en hækkun árið 2018 og aftur árið 2020 hefur skipt sköpum fyrir hugverkaiðnað. Endurgreiðslurnar hafa leitt til fjölgunar starfa og aukinna fjárfestinga í rannsóknum og þróun, til að mynda í líf-, lyfja- og heilbrigðistækni og tölvuleikjaiðnaði á síðustu tveimur árum. Þetta hefur leitt til vaxtar í útflutningstekjum hugverkaiðnaðar sem námu 16% af útflutningstekjum þjóðarþúsins árið 2021. Í fjármálaáætlun er einungis horft til þjónustuliða í útflutningi hugverkaiðnaðar sem útskýrir lægri prósentutölu í umfjöllun um hugverkaiðnað í áætluninni.

SI vilja í þessu samhengi koma því á framfæri að mikilvægt er að líta á skattahvata á borð við endurgreiðslur vegna rannsóknar og þróunar sem fjárfestingu. Útgjöld til málaflokksins skila sér í auknum útflutningstekjum auk þess sem fjárfesting í hugverkaiðnaði er verðmætasköpun til framtíðar sem skilar sér aftur í ríkissjóð í gegnum stærri skattstofn og auknum stöðugleika íslenska hagkerfisins.

Samtökin leggja ríka áherslu á að stjórnvöld leitist við að skapa stöðugt og fyrirsjáanlegt nýsköpunarumhverfi enda gera fyrirtæki í rannsóknnum og þróun áætlanir til margra ára í senn auk þess sem fjárfestar gera kröfu um samfellu í stuðningi stjórnvalda. Samtökin hvetja því stjórnvöld til þess að halda útgjöldum til málaflokks nýsköpunar, rannsókna og þróunar stöðugum og skera ekki niður til málaflokksins, sérstaklega ekki með skömmum fyrirvara. Skyndilegur niðurskurður grefur undan trausti fyrirtækja og fjárfesta á íslensku nýsköpunarumhverfi. Endurgreiðslukerfið er öflugasta tól stjórnvalda til þess að efla nýsköpun hér á landi og hvetja íslensk fyrirtæki og frumkvöðla til þess að leggja áfram stund á að finna nýjar lausnir. Öflugt, samkeppnishæft endurgreiðslukerfi stuðlar að því að íslensk fyrirtæki haldi áfram starfsemi sinni hér á landi, íslenskir frumkvöðlar stofni fyrirtæki hér og innlendir og erlendir fjárfestar sjái hag sinn í að fjárfesta í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum. Nýsköpunarumhverfið á Íslandi hefur orðið samkeppnishæft við umhverfi í öðrum löndum eftir hækkunir á endurgreiðslum vegna rannsóknar og þróunar árið 2020 en verði breyting á því hamlar það vexti hugverkaiðnaðar, ekki aðeins vegna minni beins fjárhagslegs stuðnings við nýsköpunarverkefni fyrirtækjanna heldur er líklegt að fyrirtæki og fjárfestar beri minna traust til Íslands sem nýsköpunarlands. Stjórnarsáttmáli núverandi ríkisstjórnar gaf góð fyrirheit um að stjórnvöld hyggist halda áfram á braut uppbyggingar og fjárfestingar þegar kemur að nýsköpun og er mikilvægt að fjármálaáætlun styðji við þá stefnu.

Samkeppnissjóðir á borð við Tækniþróunarsjóð og Rannsóknarsjóð gegna veigamiklu hlutverki á fyrstu stigum sprotafyrirtækja en fjölmörg öflug nýsköpunarfyrirtæki hefðu aldrei orðið að veruleika ef þessara styrkja hefði ekki notið við. Því fagna SI því að til standi að gera hækkun á framlagi til þessara sjóða varanlega. Þetta er fjárfesting til framtíðar sem hefur sýnt sig að skilar sér margfalt til baka til samfélagsins.

Helsta vaxtahindrun hugverkaiðnaðar í dag er skortur á sérfræðipækkingu en samkvæmt greiningu SI er áætlað að um 9.000 sérfræðinga þurfi til að anna eftirspurn og vaxtaráformum í hugverkaiðnaði heilt yfir á næstu 5 árum. Ljóst er að stór hluti þess mannauðs mun koma erlendis frá og hvetja SI því stjórnvöld til að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga hingað til lands, með einföldun ferla, markaðssetningu og fleiri aðgerðum. Ísland á í samkeppni um hæfileikaríkt fólk við önnur lönd og þarf því að efla hvatakerfi með áframhaldandi skattfrádrætti á tekjum erlendra sérfræðinga auk þess sem markvisst þarf að skapa góða umgjörð um erlenda sérfræðinga og fjölskyldur þeirra.

Mannauður - grunnur verðmætasköpunar

Öflugt menntakerfi tengir saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma með skilvirkni og hagkvæmni að leiðarljósi. Ef efla á framleiðni og samkeppnishæfni þjóðarinnar þarf að forgangsraða fjármunum til að tryggja framúrskarandi menntun landsmanna. Í stjórnarsáttmála er minnst á þessa forgangsröðun en minna virðist fara fyrir fjárheimildum í fjármálaáætlun og er það miður.

Samtök iðnaðarins horfa m.a. sérstaklega til þess markmiðs stjórnvalda að fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi, en eins og margoft hefur komið fram þá hefur OECD bent á að misræmi gæti milli þeirrar menntunar sem í boði er og þarfa atvinnulífsins, sem í auknum mæli sækist eftir starfsfólki með sérhæfða færni í verk og tæknigreinum.

Það gefur þó tilefni til bjartsýni að í fjármálaáætlun sé minnst á að áfram skuli unnið að því að fleiri nemendur velji þann kost að fara í starfsmenntanám að loknum grunnskóla og að starfsnámið nái þannig meira jafnvægi við bóknámið. Hér er þarft að hafa í huga að starfsnám er dýrara nám en bóknám.

Samtök iðnaðarins fagna því einnig að mennta- og barnamálaráðuneytið muni halda áfram á þeirri braut að auglýsa og efla áhuga á starfs- og tækninámi, einfalda umgjörð starfsnáms og bæta þjónustu og réttindi starfsnámsnemenda og lýsa Samtökin sig reiðubúin í áframhaldandi samvinnu við ráðuneytið varðandi þessi atriði.

Nýstofnuð Nemastofa atvinnulífsins mun halda utan um það átak að fjölga vinnustaðanáms-plássum í samvinnu við starfsnámsskóla og ráðuneytið. Samtök iðnaðarins hvetja stjórnvöld til þess að auka framlög í Vinnustaðanámssjóð í þessu sambandi, en við blasir að framlög þyrftu að vera allt að 50% hærri en þau eru, ef miðað er við þá fjölgun sem orðið hefur á starfsnámsnemum. Með tilkomu Nemastofu atvinnulífsins eykst yfirsýn yfir fjölda nemenda í vinnustaðanámi auk þess sem aðgengi nemenda að starfsnámi verður bætt og einfaldað. Þannig verður hægt að mæta þörfum atvinnulífsins og hægt að tryggja að mannauðurinn búi yfir færni sem stenst samanburð við það sem best gerist.

Það eru ákveðin vonbrigði að sjá að fyrirhuguð framlög til fjárfestinga á framhaldsskólastiginu fylgja ekki fögrum fyrirheitum í stjórnarsáttmála, en þörfin fyrir byggingu nýs Tækniskóla hefur aldrei verið meiri. Samtök iðnaðarins hvetja stjórnvöld til þess að setja nýjan Tækniskóla raunverulega á dagskrá, enda rímar það við helstu áherslur fjármálaáætlunar um nám í takt við þarfir samfélags og fjölgun útskrifaðra úr starfs- og tækninámi.

Háskólar og rannsóknarstofnanir gegna viðamiklu hlutverki í að ná fram áherslum stjórnvalda í gildandi stjórnarsáttmála. Eitt af mikilvægustu verkefnum á háskólastiginu er endurskoðun reglna nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla. Það skiptir miklu máli að vel takist til hér og standa vonir til að fjárhagslegir hvatar verði nýttir til að auka hlutfall brautskráðra í svokölluðum STEM fögum, en það er 20% á Íslandi en yfir 25% að meðaltali í löndum OECD.

Samtökin fagna sérstökum áherslumálum á háskólastiginu sem koma fram í fjármálaáætlun. Má þar nefna aukið framboð á samfélagslega mikilvægum námsbrautum eins og t.d. í verk- og tæknimenntun og raunvísindum. Háskólar eru einnig hvattir til að efla samstarf sín á milli og við þekkingarsetur um sameiginlegar svæðisbundnar lausnir. Samtök iðnaðarins eru á meðal bakhjarla Nýsköpunarstofu menntunar, sem staðsett er í Vísindagörðum Háskóla Íslands. Stofan mun styðja við nýsköpun á sviði menntunar, þróun hugmynda og aðferða sem tengjast formlegu og óformlegu námsumhverfi, hæfnipróun, nýjum leiðum í námi og kennslu, stafrænu námsumhverfi og menntun til framtíðar. Hæfni og nýsköpun í menntakerfinu öllu er lykill að því að renna styrkari stoðum undir atvinnulíf og iðnað og efla þannig verðmætasköpun og samfélagslega farsæld í landinu.

Hlutfall fullorðinna sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi hefur farið lækkandi- var 27% árið 2012 og komið niður í 21,2% árið 2020. Margir skólar og fræðsluaðilar eiga þátt í þessum árangri, ekki hvað síst framkvæmdaraðilar framhaldsfræðslunnar, símenntunarmiðstöðvar og aðrir viðurkenndir fræðsluaðilar.

Samtök iðnaðarins leggja til að sí- og endurmenntun verði eflað og löggjöf um framhaldsfræðslu verði endurskoðuð í breiðu samráði til að tryggja að framhaldsfræðsluferfið sé í stakk búið til að takast á við samfélagsþróun, m.a. vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði. Framhaldsfræðslan nýtur dyggilegrar aðstoðar raunfærnimats til þess að meta hæfni fólks í áframhaldandi nám. Með aðferðum raunfærnimats fær fólk fyrri reynslu, s.s. þátttöku á vinnumarkaði, metna á móti námskrám eða hæfnikröfum starfa og getur þannig flýtt fyrir námslokum.

Það er mjög mikilvægt að fullorðnir hafi aðgang að námi sem eflir grunnmenntun og getur lagt grunn að t.d. starfs- og tækninámi þar sem áhersla er lögð á stíganda og samfellu í námi milli kerfa menntunar og atvinnulífs. Í því sambandi fagna SI því að tekin hafa verið af öll tvímæli um rétt nemenda 25 ára og eldri til að stunda nám í framhaldsskólum.

Innviðir – fjárfest í vaxargetu hagkerfisins

Fjárfesting í efnislegum innviðum leggur grunn að hagvexti framtíðarinnar. Fjárfesting í innviðum, s.s. í höfnum, flugvöllum, vegum og brúm, eykur samkeppnishæfni og afkastagetu þjóðarþúsins sem skilar sér í aukinni verðmætasköpun og auknum gjaldeyristekjum. Með fjárfestingum í innviðum er búinn til grunnur aukinna tekna ríkissjóðs sem leiðir til þess að ná jöfnuði að nýju í ríkisfjármálum. Fjárfesting á þessu sviði sparar einnig kostnað, fjölgar störfum og dregur úr sóuðum tíma í töfum fyrir heimili og fyrirtæki. Aukin framleiðni skilar sér síðan í lægri vöxtum og minna atvinnuleysi. Síðast en ekki síst er fjárfesting í innviðum til þess fallin að auka öryggi, draga úr slysum og bjarga mannlífum.

Samtök iðnaðarins vilja að efnislegir innviðir landsins styðji við öfluga verðmætasköpun fyrirtækja. Til þess að þetta megi verða þurfa stjórnvöld að hafa eftirfarandi í huga:

- Fjárfesting hins opinbera í innviðum þarf ávallt að mæta þörfum atvinnulífsins og heimila. Áhersla þarf að vera lögð á fjárfestingu í innviðum sem skapa mestan þjóðhagslegan ávinning.
- Viðhald á innviðum hins opinbera þarf ávallt að vera nægjanlega vel sinnt þannig að ástand innviða sé gott sbr. skýrslu SI og Félags ráðgjafarverkfræðinga um ástand og framtíðarhorfur innviða á Íslandi sem kom út fyrir á þessu ári.
- Leggja þarf áherslu á að auka viðhald á þeim innviðum sem eru með mesta uppsafnaða viðhaldsþörf og í versta ástandinu sbr. ofangreinda skýrslu.
- Nýta þarf samvinnuleið hins opinbera og einkaaðila við uppbyggingu innviða og flýta þannig þjóðhagslega arðbærri fjárfestingu á þessu sviði.

Í skýrslu SI og FRV um ástand innviða sem kom út í fyrra kemur fram að uppsöfnuð viðhaldsþörf innviða eða viðhaldsskuld sé um 430 ma.kr. sem að stórum hluta má rekja til of lítils viðhalds á tímanum eftir fjármálaáfallið 2008. Með viðhaldsskuld er þá átt við hvað þarf til að koma viðkomandi þætti innviða í gott ástand. Mest er viðhaldsskuldin í vegakerfinu um 160-180 ma.kr. Um er að ræða bæði þjóðvegakerfið (110 ma.kr.) og sveitarfélagavegi (50-70 ma.kr.). Einnig er umtalsferð viðhaldsskuld í fráveitum eða 50-85 ma.kr. Þá er talsverð viðhaldsskuld í fasteignum ríkisins (46 ma.kr.) og sveitarfélaga (25 ma.kr.), samanlagt 71 ma.kr.

Leiðarljós fjármálaáætlunarinnar er að stöðva hækkun á skuldum hins opinbera. Með það að leiðarljósi þarf að gæta að því að ekki myndist nú viðlíka ástand og á árunum eftir efnahagsfallið 2008 þar sem litlum fjármunum var varið í fjárfestingar og viðhald innviða.

Mikil skuldasöfnun varð þá í formi vaxandi þarfar fyrir viðhald og nýfjárfestingar í innviðakerfinu sem var velt yfir á framtíðarkynslóðir og kom niður á samkeppnishæfni og verðmætasköpun hagkerfisins.

Ef farið verður í niðurskurð á þessu sviði mun ástand innviða versna og stoðir hagvaxtar veikjast. Í þessu sambandi lýsa SI áhyggjum af því sem fram kemur í fjármálaáætluninni þar sem gert er ráð fyrir að dregið sé úr beinum framlögum ríkisins til framkvæmda og viðhalds á næstu árum. Þessum niðurskurði vilja Samtök iðnaðarins mótmæla. Mikilvægt er að tryggja að þessi þróun verði ekki að veruleika. Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar segir að hún muni halda áfram uppbyggingu og viðhaldi á samgöngukerfinu til að auka öryggi fólks á vegum úti og stytta ferðatíma. Í ljósi þessa skýtur það skökku við að ríkisstjórnarinnar sé að draga úr fjárheimildum til framkvæmda í vegakerfinu.

Af öllum þáttum innviða landsins er ástand vegakerfis einna verst skv. ofangreindri skýrslu SI og FRV. Í skýrslunni kemur fram að stórir hlutar þjóðavegakerfisins uppfylla ekki lágmarksviðmið sem lúta að hrörnun slitlags, hjólfaradýpt, sprungumyndun, holumyndun o.fl. þáttum er varða gæði vega og snúa þannig beint að öryggi vegfarenda. Í fjármálaáætluninni (bls. 266) kemur fram að það sé mat Vegagerðarinnar að árleg þörf á fjárfestingu í viðhaldi í vega sé 15,5 ma.kr. Fram kemur í fjármálaáætluninni að framlag til viðhalds sé nú 12 ma.kr. á ári. Þrátt fyrir að auknum fjármunum hafi verið varið til viðhalds á síðustu árum hefur ástand vegakerfisins ekki batnað og útlit er fyrir að svo verði heldur ekki á næstu árum. Er þetta mikið áhyggjuefni að mati SI.

Rannsóknir og nýsköpun fyrir framtíðar uppbyggingu húsnæðis og innviða

Áskoranir byggingar- og mannvirkjagerðar eru margvíslegar á komandi árum, ekki síst þegar kemur að hlutverki byggingariðnaðarins í loftlagsmálum. Skortur á rannsóknnum stendur í vegi fyrir hraðari uppbyggingu á vistvænu húsnæði sem og skortur á rannsóknnum á vistvænu byggingarefni við íslenskar aðstæður. Ljóst er að hinn nýstofnaði samkeppnissjóður, Askur – mannvirkjarannsóknarsjóður, er mikilvægur farvegur til eflingar á rannsóknnum á þessu sviði. Um 100 milljónum verður úthlutað úr sjóðnum á þessu ári og 50 milljónir hafa verið tryggðar til úthlutunar árið 2023. Þær fjárhæðir teljast mjög lágar ef litið er til umfangs mannvirkjageirans og þess að nú er búið að leggja Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins niður. Samtökin benda á að afar mikilvægt sé að tryggja frekari fjármagn til sjóðsins svo unnt sé að stuðla að markvissari rannsóknnum og nýsköpun á sviði mannvirkjagerðar til framtíðar, þar á meðal vistvænum byggingarefnum og forvörnum gegn myglu.

Efling stafrænna innviða

Áhersla á frekari fjárfestingu í stafrænum innviðum og stafrænni þjónustu er mikilvæg. Að mati SI hefur vel tekist til með verkefnið *Stafrænt Ísland* og hvetja SI stjórnvöld til að halda áfram á þeirri braut. Útboð og samstarf við upplýsingatækniðnað við uppbyggingu stafrænnar þjónustu hins opinbera hefur verið til fyrirmyndar.

Vinnsla og hýsing gagna verða sífellt mikilvægari í viðskiptum og daglegu lífi vegna stóraukinnar notkunar á upplýsingatækni á öllum sviðum samfélagsins. Mikilvægt er að huga að samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði, meðal annars samkeppnishæfni gagnaversiðnaðar. Í því sambandi er mikilvægt að greiða úr óvissu sem verið hefur uppi í tengslum við virðisaukaskattsmál í gagnaversiðnaði. Þá þarf stöðugt að huga að því að Ísland standist alþjóðlegan samanburð á sviði stafrænna innviða og þjónustu. SI fagna því lagningu nýs fjarskiptasæstrengs til Írlands sem fyrirhugað er að taka í notkun á síðari hluta ársins 2022.

Stöðug uppbygging íbúðahúsnæðis sem mætir þörfum

Uppbygging húsnæðis er fjárfesting í hagvexti framtíðarinnar og húsnæðisskortur leiðir til efnahagslegs ójafnvægis sem kemur niður á hagvexti og lífsgæðum. Það er því alvarlegt þegar framboðsskortur verður á húsnæði líkt og verið hefur undanfarið. SI fagna því þeirri auknu áherslu á byggingar- og mannvirkjagerð sem birtist í stjórnasáttmála núverandi ríkisstjórnar bæði hvað varðar innviði og húsnæðisuppbyggingu. Nauðsynlegar skipulagsbreytingar voru m.a. gerðar með stofnun innviðaráðuneytis þar sem innviða-, húsnæðis- og skipulagsmál eru nú loks sameinuð undir einu ráðuneyti.

Uppbygging húsnæðis þarf að vera stöðug og í takt við þarfir markaðarins hverju sinni. Rétt er það sem kemur fram í fjármálaáætluninni (bls. 17) að meiri stöðugleiki á húsnæðismarkaði með aðkomu sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins og ríkissjóðs er brýnt verkefni á áætlunartímabilinu. Ánægjulegt er það sem þar kemur fram að stjórnvöld ætli að leggja sitt af mörkum hvað þetta varðar. Til framtíðar er ljóst að þörf er á stöðugri húsnæðisuppbyggingu sem mætir þörfum hverju sinni. Sveiflur í framboði íbúða skapar óhagræði og er óhentugt fyrir alla aðila. Núverandi framboðsskortur íbúða undirstrikar mikilvægi þess að mótuð verði ný húsnæðisstefna fyrir Ísland í þeim anda sem innviðaráðherra hefur boðað. Ráðherra hefur nefnt í því sambandi að setja eigi markmið að byggja allt að 20.000 íbúðir á næstu fimm árum og þar af 7.000 með aðkomu hins opinbera í formi fjölbreytts húsnæðisstuðnings.

100% endurgreiðsla virðisaukaskatts af vinnu manna á verkstað við uppbyggingu á íbúðarhúsnæði stendur nú yfir til og með 31. ágúst á þessu ári. Í kjölfarið mun endurgreiðslan lækka niður í 60%. Ljóst er að endurgreiðslan hefur jákvæð áhrif á uppbyggingu og virkar sem hvati til að ráðast í uppbyggingu á meðan endurgreiðslunni stendur. Samtökin hvetja stjórnvöld til að halda áfram 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingarstað til að stuðla að aukinni húsnæðisuppbyggingu.

Samtökin hafa bent á að jafnvægi þarf að ríkja á húsnæðismarkaði hvað varðar framboð og eftirspurn. Því er mikilvægt að úrræði stjórnvalda þegar kemur að málaflöknum séu líka til þess fallin að ýta undir framboðshlið húsnæðisuppbyggingar en ekki aðeins eftirspurn. Því er ánægjulegt að fjármunum er áfram varið í frekari uppbyggingu á húsnæði á landsbyggðinni, uppbyggingu á almenna íbúðarkerfinu og uppbyggingu í gegnum hlutdeildarlán.

Endurskoðun á regluverki og stjórnsýslu húsnæðismála

Samtökin fagna því að nú standi til að ráðast í frekari endurbætur á regluverki og stjórnsýslu húsnæðismála. Mikilvægt er að nægt fjármagn sé tryggt til verkefnisins þar sem ávinningurinn verður margfalt meiri. Leggja þarf ríka áherslu á að tryggja áframhaldandi þróun á uppbyggingu húsnæðisgrunns HMS til upplýsingaöflunar og miðlunar um húsnæðismarkaðinn og frekari endurskoðun byggingarmála sem stuðla að lækkun byggingarkostnaðar, bættu regluverki og gæðum.

Þar sem sérstök áhersla er nú lögð á umhverfi byggingarmála og bætt regluverk greinarinnar í nýjum stjórnarsáttmála vilja samtökin einnig koma því á framfæri við gerð fjárlaga að verulega hefur skort á skilning og þekkingu á eðli og umfangi stöðlunarverkefna hjá hinu opinbera til þessa. Þessi staða endurspeglast t.d. í þeirri staðreynd að undanfarin misseri hafa tugir sérfræðinga starfað við endurskoðun á íslenskum þjóðarviðaukum við 58 evrópska þolhönnunarstaðla sem staðfestir verða sem íslenskir þegar endurskoðun þeirra lýkur.

Þetta starf, þ.e. fagleg endurskoðun á afleiddri löggjöf um þolhönnun, er þrátt fyrir ítrekaða beiðni til hlutaðeigandi ráðuneytis, ófjármagnað og kostnaðurinn við það er alfarið skilinn eftir hjá byggingariðnaðinum.

Hér á landi gera lög og reglugerðir þó ráð fyrir notkun þeirra til að viðhalda gæðum og öryggi. Staðlar eru afleiddur en órjúfanlegur hluti löggjafar um húsnæðis- og mannvirkjamál og eru notaðir af löggjafanum til að segja m.a. til um kröfur til mannvirkja og byggingarvara. Skv. ákvæðum EES samningsins ber einnig að staðfesta evrópska þolhönnunarstaðla sem íslenska og skrifa við þá íslenska þjóðarviðauka sem segja til um kröfur til þolhönnunar íslenskra mannvirkja. Þau verkefni eru unnin á vettvangi Staðlaráðs Íslands þar sem bestu sérfræðingar á sínu sviði leggja sitt af mörkum til að tryggja heildstæða löggjöf um þolhönnun. Til viðbótar má benda á að vísað er í á þriðja hundrað staðla í íslenskri byggingarreglugerð og að baki lögum um byggingarvörur liggja á sjötta hundrað staðlar til viðbótar sem segja m.a. til um framleiðslu, prófanir og CE merkingar byggingarvara.

Ljóst er að löggjöf um mannvirki er með formlegum hætti vörðuð þeim mikilvægu viðmiðum og kröfum sem hagaðilar á hverju sviði hafa komið sér saman um í stöðlum. Án fjármögnunar til stöðlunar og stöðlunarstarfs verður þessi hluti löggjafarinnar hins vegar ekki til. Afleiðing afskiptaleyfis stjórnvalda er að framkvæmd þolhönnunar mannvirkja í landinu er veruleg hætta búin því kröfur um þolhönnun hvað varðar m.a. jarðskjálftaálag, snjóálag og vindálag, svo eitthvað sé nefnt, verða ekki til af sjálfu sér. Tryggja þarf fjármagn og heimildir ráðherra til að ráðast í þetta bráðnauðsynlega verkefni.

Viðhald húsnæðis

100% endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu og hönnun við íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og mannvirkja í eigu tiltekinna félagasamtaka og sveitarfélaga hefur skilað góðum árangri bæði á síðustu 2 árum sem og á árunum 2009-2013. Átakið hefur leitt til þess að uppbyggingu og viðhaldi húsnæðis var betur sinnt en áður bæði hjá neytendum og ekki síður sveitarfélögum sem mörg hver hafa nýtt tækifærið til að ráðast í löngu tímabæra hönnun og uppbyggingar- og viðhaldsverkefni. Verkefninu hefur einnig fylgt ávinningur í baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi, ásamt því að skapa störf og viðhalda verðmæti eigna.

Átakið fór af stað til að stemma stigu við neikvæðum efnahagsáhrifum kórónuveirufaraldursins og átti að vera í gildi út árið 2021 en var framlengt til og með 31. ágúst 2022. Óhætt er að fullyrða að átakið hefur átt sinn þátt í því að niðursveiflan í byggingariðnaði og mannvirkjagerð hefur verið minni en oft áður í fyrri efnahagsniðursveiflum. Átakið hefur verið vel nýtt af neytendum sem hafa með viðhaldi og endurbótum stutt við starfsemi einyrkja og minni fyrirtækja sem starfa á viðhaldsmarkaði. Á þeim markaði eru faglærðir iðnaðarmenn oft í samkeppni við réttindalaus aðila og svarta atvinnustarfsemi en átakið dregur í eðli sínu úr slíkum viðskiptaháttum og styður því við fyrirtæki sem vinna eftir lögum og reglum. Samtökin hvetja stjórnvöld til að halda 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við viðhald á húsnæði áfram.

Hækkun hrávöruverðs og hökt í aðfangakeðju

Mikil verðhækkun aðfanga ásamt röskun á aðfangakeðju vegna stríðsátaka í Evrópu undanfarið kemur í kjölfar verðhækkana og skorts á ýmsum aðföngum sem við sáum á síðasta ári út af Covid. Eitt hefur tekið við af öðru og með stríðsátökunum í Evrópu hafa stórir aðfangamarkaðir hreinlega lokast og það þarf þá að finna nýja markaði sem eru talsvert dýrari.

Um afar krefjandi aðstæður er að ræða fyrir mörg fyrirtæki í iðnaði og hefur t.d. verið á stáli fjórfaldast á heimsmarkaði á afar skömmum tíma. Ennfremur hefur verið skortur á mikilvægum aðföngum. Hefur hækkun á hrávöru og hökt í aðfangakeðju óhjákvæmilega áhrif hérlendis og getur verið einstaklega krefjandi í útboðsverkum og í öðrum samningum þar sem ekki er tekið tillit til slíkra aðstæðna, sem eru fordæmalausar og ófyrirsjáanlegar. eru aðstæður slíkar að ætla megi að ógildingarástæður samningaréttar, m.a. um forsendubrest og ósanngirni, eigi við.


Þrátt fyrir aðstæður geti verið ólíkar og staða fyrirtækja misjöfn þá getur þessi óvissa leitt til röskunar á útboðsferlum og eftir atvikum skapað hættu á fákeppni. Mikilvægt er að hið opinbera, sem stærsti kaupandinn á íslenskum markaði, komi til móts við þessar aðstæður og skapi sveigjanleika í útboðsskilmálum sínum til að unnt sé að mæta þessum fordæmalausum aðstæðum sem og taki eðlilegt tillit til aðstæðna í gildandi samningum.

Þegar kemur að íbúðauppbyggingu þá er hættan sú að það verði minna byggt en nú þegar er verið að byggja alltof lítið. Ríki og sveitarfélög þurfa að bjóða upp á byggingarlönd sem hagkvæmt er að byggja á. Það þarf að bjóða lóðir á nýjum svæðum eða allavega ekki á byggingarreitum þar sem þarf að fjarlægja mannvirki eða byggingar og fara í uppbyggingu þar sem erfitt er að athafna sig í miðri byggð sem útheimtir mikinn aukakostnað.

SI hvetja til að fjárheimildir vegna endurgreiðslu kvikmyndagerðar endurspegli umfangið

Kvikmynda- og sjónvarpsiðnaður á Íslandi hefur verið í miklum blóma og vaxið undanfarin ár. Stefnir nú í annað stærsta framleiðsluár í sögu greinarinnar hér á landi. Leikur þar enginn vafi á að öflugt endurgreiðslukerfi vegna kvikmyndaframleiðslu hefur skipt þar sköpum. Endurgreiðslukerfið hefur stutt við aukna verðmætasköpun hérlendis, áhrif kerfisins á greiðslujöfnuð ríkissjóðs hafa ávallt verið jákvæð og eru þá ótalin önnur afleidd áhrif af kvikmyndaframleiðslu svo sem gjaldeyrisöflun, sköpun beinna og óbeinna starfa og jákvæð áhrif á ferðapjónustuna. Samtök iðnaðarins fagna því að stjórnvöld leggi áherslu á frekari vöxt greinarinnar og sýni vilja í verki með fjáráukningu. Samtökin árétta þó að undanfarin ár hefur fjárhæð áætlaðra endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar verið vanáætluð og töluvert lægri en raun ber vitni. Þannig hafa útgefin vilyrði stjórnvalda vegna endurgreiðslna á kvikmyndaframleiðslu verið mun hærri en fjárlög kveða á um. Þannig hafa endurgreiðslur vegna útgefinna vilyrða stöðvast tímabundið þegar fjárhæð útgefinna vilyrða fer yfir fjárhæð í fjárlögum. Vegna vanáætlunar stjórnvalda tefjast endurgreiðslur ítrekað. Hefur þetta skapað mikla óvissu fyrir kvikmyndaframleiðendur sem standa frammi fyrir því að þurfa að fjármagna framleiðslu með aukinni lántöku með tilheyrandi kostnaði allt þar til endurgreiðslur berast á ný. Samtökin leggja til að áætluð fjárhæð vegna endurgreiðslna verði hækkuð með tilliti til raunfjárhæðar endurgreiðslna fyrra árs. Þannig myndu stjórnvöld stuðla að fyrirsjáanleika fyrir kvikmyndaframleiðendur og tryggja skilvirgni endurgreiðslukerfisins.

Virðingarfyllst,



Ingólfur Bender,
aðalhogfræðingur SI



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI